



Frá sýningu á Ljósmyndum eftir Gunnar Hannesson.

## Margt um manninn á Kjarvalsstöðum

MIKIL aðsókn hefur verið að sýningunum, sem nú standa yfir á Kjarvalsstöðum. Að sögn Alfreðs Guðmundssonar, forstöðumanns Kjarvalsstaða, sáu um 2000 manns yfirlitssýningu á verkum Halldórs Péturssonar, á sunnudeginum einum, og sama dag komu um 1500 manns

á sýningu á Ljósmyndum Gunnars Hannessonar.

Halldór Pétursson sýnir í vestursal, bæði teikningar og málverk, og verður sýning hans opin fram til 26. september. Í Austursal er hins vegar sýning á Ljósmyndum Gunnars Hannessonar, og stendur sú sýning til 28. september.



Yfirlitssýning á verkum Halldórs Péturssonar er í vestursal Kjarvalsstaða.



Remington.....Remington.....Remington

## Allir veiðimenn þekkja Remington:

Eigum til haglabyssur og riffla í úrvali t.d.

5 skota sjálfvirkar 12—16—20 ga. Model 1100.

5 skota „pumpur“ 12 ga. Model 870.

Hina margföldu gullverðlauna undir og yfir haglabyssu.


Model 3200.

Riffla í caliber 22, allar gerðir

Riffla í caliber 222/22+ 250/223/243/25+ 06/270/30 06/

Verðið ótrúlega hagstætt.

Remington skot flestar stærðir t.d. minkaskot cal 410.3" og 21/2"



Model 1100: 12, 16, 20 gauge



Model 870: 20 gauge

Allir varahlutir eru til í viðkomandi verkfæri

**Ath.: GÆÐIN OG ÞJÓNUSTAN Í FYRIRRÚMI.  
REMINGTON MISSIR ALDREI MARKS.**

Eigum einnig skotabelti úr leðri og galloni 20 og 30 stk. Haglabyssu og Riffilpoka Riffilólur Fuglaflítjar Byssukassa kassa undir skot og hina heimsfrægu LEUPOLD kíkira 4X—8X—16X.

Hringið og leitið upplýsinga.

Heildverslun

Ólafur H. Jónsson hf. Laugaveg 178. S. 83555.

## „Söngvar“ eftir Gísla Kristjánsson komnir út

Komið er út söngvasafn eftir Gísla Kristjánsson frá Bolungarvík og er mér ekki kunnugt um að maður frá Bolungarvík hafi orðið til þess áður að gefa út sönglög opinberlega. Þá er mér ljúft að minnst eins tónlistarmanns frá Bolungarvík, það er pianósnillingurinn Axel Arnfjörð sem er að ég best veit búsettur í Kaupmannahöfn.


Ekki legg ég neitt mat á listgildi laga Gísla, en þau eru fjölbreytt að efnisvali og að öllum frágangi til sóma að og þeim menningarauki. Dreifinu laganna annast Ægisútgáfan, Sólvallagötu 74, Reykjavík.

Ég álið að ljóðlist, sönglist og skáklist séu skyldustu listgreinarnar enda bera lög Gísla því vitni að svo muni vera og hafa verið í hugum okkar bræðra í órofa tengslum allt frá því að við vorum að alast upp í Bolungarvík fyrir um það bil hálfri öld. Mér hefur alltaf fundist eitthvað meira en peninga virði í þessum listgreinum.

Benedikt Kristjánsson.



## VESTUR-ÞÝZK GÆÐAFRAMLEIÐSLA



**VW PASSAT** stílhreinn og vandaður

Ýmsa kosti væri hægt að telja, svo sem sérlega vönduð framsæti með höfuðþúðum, rúmgóð og þægileg aftursæti. Fullkonnustu gerð af loftræsti- og hitunarkerfi og óvenjustórt farangursrými.

En það eru ýmsir aðrir bílar sem eru glæsilegir og góðum kostum búnir. VW Passat hefir þó mikilvægan kost umfram aðra bíla.

Hann er framleiddur af Volkswagen verksmiðjunum. Hann er vestur-þýzk gæðaframleiðsla, sem ber vott um hugkvæmni og vöruvöndun. Hann er ódýr í rekstri og hann nýtur hinnar þekktu Volkswagen varahluta- og viðgerðarþjónustu með tölvustýrðum bilanagreini. VW Passat er fánlegur 2ja dyra, 4ra dyra.

**VW PASSAT** — bíllinn sem hentar yður

**FYRIRLIGGJANDI**

**HEKLA HF.**

Laugavegi 170—172 — Sími 21240